

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag fyrir Sel-Hótel Mývatn, Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 27. ágúst 2014 tillögu að deiliskipulagi fyrir Sel-Hótel Mývatn í Skútustaðahreppi. Deiliskipulagið nær yfir landsvæði sem er í eigu Skútustaða 2. Í tillögunni er gert ráð fyrir stækkun á byggingarreit núverandi hótels og verslunar, auk þess sem bílastæði eru nánar skilgreind. Einnig er gert ráð fyrir að á þjóðvegi 848 komi tvær gönguleiðir og undirgöng fyrir búfenað.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Mývatnssveit, 30. september 2014.*

**Bjarni Reykjahn,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. október 2014